



GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

IS 400 ÍSAFJÖRÐUR - pósthólf 115 sími 450 8300

Verklagsreglur vegna útskriftar nemanda úr grunnskóla

Í Grunnskólanum á Ísafirði geta duglegir og/aðrir bráðgerir nemendur útskrifast í lok 9. bekkjar. Forsenda slíkrar útskriftar er að nemendur hyggist fara í framhaldsnám í kjölfarið.

Til að útskrifast úr Grunnskólanum á Ísafirði áður en 10 ára skyldunámi er lokið, þarf nemandi að uppfylla námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Eftirfarandi verklagi skal fylgt þegar til stendur að nemandi útskrifist áður en 10. bekk lýkur:

- Foreldrar sækja um það til skólastjóra að barn þeirra útskrifist fyrr en hefðbundið námsfyrirkomulag gerir ráð fyrir á sérstöku eyðublaði. Ef barn ætlar að útskrifast í 9. bekk þarf umsókn að liggja fyrir eigi síðar en um áramót í 8. bekk.
- Námsefni 8. og að hluta til 9. bekkjar skal lagt til grundvallar í 8. bekk í námi barna sem ætlast að útskrifast fyrr. Námsefni 10. bekkjar er lagt til grundvallar í 9. bekk. Ætlast er til að nemendur lesa hluta þess utanskóla.
- Í 8. bekk verður nemandi að standast eftirfarandi námsgreinar með mjög góðum árangri: Íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði. Lágmarkseinkunn er 9 (A) í meðlaeinkunn í þessum greinum. Skólasókn nemanda skal vera til fyrirmyndar.
- Nemandi tekur samræmt próf að vori í 8. bekk. Lágmarkskeinkunn í samræmdum prófum er B+
- Nemandi skal að vori í 9. bekk ná að lágmarki einkunninni 9, eða B+ í námsmati vetrarins íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði og náttúrufræði.
- Nemandi þarf að sýna sjálfstæð vinnubrögð og mikla hæfni í að axla ábyrgð á eigin námi.
- Nemandi skal hafa lokið 10. bekkjar sundprófi.
- Ástundun og frammistaða í öðrum námsgreinum skal vera til fyrirmyndar.
- Nemandi stendur til boða félagsþroskamats hjá sálfræðingi skólans, óski forráðamenn þess. Skólastjóri getur einnig gert það að forsendu útskriftar að slíkt mat fari fram.
- Nemandi þarf að fara í viðtal hjá námsráðgjafa og fá þar náms- og starfsráðgjöf.